

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn mánudaginn 2.september 2013 kl. 16.30 að Glerárgötu 26



Fundinn sátu: Pröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Áslaug Kristjánsdóttir, Ármann Ketilsson og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri.

1. Langtímaáætlanagerð Íþróttaráðs

Fjallað var um erindi frá 23.apríl frá Ellert Erni forstöðumanni íþróttamála þar sem óskað var eftir að ÍBA ásamt aðildarfélögum kæmu að mótun langtímaáætlanagerðar málaflokksins. Verið er að safna saman ársreikningum og áætlunum frá aðildarfélögum sem verður sent til ÍRA fljótlega. Viðbrögð hafa borist frá tveimur félögum en lokadagur til að senda inn er 10. september. Ákveðið var að hafa vinnufund stjórnar eftir það og síðan fund með ÍRA.

2. Málþing ÍBA

Ákveðið var að hafa málþing ÍBA 15.nóvember nk. kl. 16.00. Einnig var samþykkt að hafa eftirfarandi fyrirlestra:

Frá Jafnréttisstofu - Hafdís Inga um kynferðisofbeldi í íþróttum, siðareglur og fræðslu.

Jóhanna Kristjánsdóttir - Um munntóbak

Stefán Ólafsson – Um íþróttameiðsl

Fulltrúar frá ÍSÍ – Um lyfjamál

Rætt var um að leggja þunga áherslu þátttöku aðildarfélaganna, einkum þjálfara.

3. Önnur mál

Pröstur, Haukur og Ármann sögðu frá fundi með ÍRA um tímaúthlutanir fyrir Hamra og fl., um samninga Draupnis og Kraftlyftingafélags. Húsnæðismál KFA voru einnig rædd sem og fána og flöggunarmál .

Bréf barst frá Bæjarráði dagsett 29.ágúst með bókun, sem svar við ósk um fjárhagslegan stuðning við ritun og útgáfu íþróttasögu Akureyrarbæjar. Svarið var neikvætt. Verið er að sækja um styrk frá Menntamálaráðuneyti. Pröstur sagði frá stöðunni að öðru leyti.

Pröstur sagði frá fundi með ÍRA um tímaúthlutanir í íþróttamannvirkjunum. Lausum tímum hefur verið úthlutað og rætt var um gervigrasvellina tvo. Beðið er eftir svari frá UFA um nýtinguna. Hugmyndir voru ræddar um nýtingu KA svæðisins, sem er mikið upptekið fyrir mót eftir áramót. Brýna þarf fyrir félögum að gera áætlun og sækja um tíma að vori fyrir komandi vetur.

Farið var yfir fjárhagsáætlun ÍBA og breytingar sem hafa orðið á styrkjum vegna leigu húsnæðis. Einnig rætt um þær umsóknir sem liggja fyrir. Stjórnarmenn voru sammála um að þessi mál þarf að skoða heildstætt óg útdeila t.d. m.v. fjölda þátttakenda. Fjárhagsáætlun þarf að endurskoða miðað við þessar breytingar.

Pröstur og Þóra sögðu frá Hreyfidögum sem fóru fram um Akureyrarvökuhelgina. ÍBA, 7-8 félög, líkamsræktarstöðvarnar og verslanir tóku þátt.

Sagt var frá afriti af bréfi frá Þór til Körfuknattleikssambands um húsnæðismál.

Einnig afriti af bréfi SKA til Afrekssjóðs um breytingu á landsliðshóp.

Rætt var um málefni stúkunnar á Þórssvæðinu.

Haukur vakti máls á tryggingamálum íþróttaiðkenda en málið virðist strandað. Ástæða þykir til að ýta á eftir við íþróttafulltrúa að vinna málið áfram.

Einnig sagði Haukur frá að mál um vöntun á undirskrift fulltrúa ÍBA á viðauka við samning við Þór þó að ÍBA sé aðili að samningnum, er enn óklárað.

Fundi var slitið kl. 18.00

Margrét Ólafsdóttir ritari